

11. gr.

Ef kvartað er ítrekað undan ágangi katta á tilteknu svæði er starfsmönnum Meindýravarna Reykjavíkurborgar heimilt að handsama þá í búr og flytja í dýrageymslu að undan-genginni auglýsingu, sem birtast skal a.m.k. tveimur sólarhringum áður en framkvæmdin hefst.

12. gr.

Um brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

13. gr.

Framangreind samþykkt borgarstjórnar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 15. september 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

31. ágúst 1999

Nr. 623

GJALDSKRÁ

vegna handsömunar og geymslu katta í Reykjavík.

1. gr.

Af flækingsköttum sem teknir eru og fluttir í geymslu af starfsmönnum Meindýravarna Reykjavíkurborgar skal greiða handsömunar- og geymslugjald sem hér segir:

Handsömun í fyrsta skipti	kr. 2.500
Handsömun að fimmta skipti	kr. 5.000
Hver handsömun eftir það	kr. 12.500
Geymsla á dag	kr. 500

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi þegar við birtingu.

Reykjavík, 31. ágúst 1999.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.